

**Skólanámskrá 2023– 2024**  
**Leikskólinn Jörfi**

**Umsögn foreldraráðs**

**Foreldraráð leikskólans skipa:**

**Hanna Kristín Briem Pétursdóttir**

**Jóhanna Þórunn Ásgrímsdóttir**

**Ásta Björg Björgvinsdóttir**

## I.

### Inngangur

Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Á grundvelli framangreinds er þessi umsögn veitt leikskólanum um starfsáætlun Jörfa fyrir leikskólaárið 2023-2024.

## II.

### Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð fékk starfsáætlun Jörfa til umsagnar 13. Júní 2024.

Foreldraráð vill lýsa yfir ánægju sinni með skýrsluna að þessu sinni. Foreldraráð sér miklar betrum bætur frá fyrri árum við skýrsluskrif.

Mjög gott að sjá yfirlit yfir innra mat deilda og vonum við að það verði markvist unnið með þá þætti sem koma þar fram.

Foreldraráð gerir hinsvegar athugasemdir við fjölda foreldraviðtala. Samkvæmt skólanámskrá eiga þau að vera 2 á ári en þeim hefur ítrekað verið slaufað.

Foreldraráð er almennt mjög ánægt með starfsfólk leikskólans en áhyggjur eru af vöntun á útskrifuðu fagmenntuðu starfsfólki á leikskólanum. Foreldraráð gerði athugasemd síðastliðinna tvo vetur við að það vantaði yfirlit yfir fagmenntun starfsmanna í greinargerð leikskólastjóra, erfitt er út frá skýrslunni að átta sig á hversu margir fagmenntaðir starfa við leikskólann, því miður þá er staðan sú sama með skýrsluna að þessu sinni. Einnig væri fróðlegt að sjá tölfræði yfir barnahópinn sem er á Jörfa og aldurskiptingu nemenda á deildum.

Mjög ánægjulegt var að sjá að mikil og góð fræðsla var fyrir starfsfólk leikskólans sl. vetur auk þess sem almenn ánægja var í foreldrahópnum með að leikskólastjóri kynnti hvaða fræðslu starfsmenn myndu fá á skipulagsdögum með fréttabréfi.

Foreldraráð lýsir yfir ánægju sinni með hugmyndafræði Jörfa sem miðast af hugmyndafræði John Dewey og barnasáttmála sameinuðu þjóðanna.

Áherslan sem skólinn leggur á læsi með Lubba er virkilega jákvæð sem og samstarfið við heimilin með því að hvetja foreldra til lesturs með börnum sínum er af hinu góða. Að skapa umhverfi þar sem börnin finni sig örugg með að getað tjáð sig og æft sig í örvandi og skapandi tjáningu er mjög jákvætt.

Í skýrslu síðasta árs skoraði foreldráð á leikskólann að finna leiðir til að auka við markvissari hreyfingu sem og útinám. Foreldraráð er mjög ánægt með danstíma sem hafa verið í boði í vetur en foreldraráð myndi vilja sjá markvissara útinám við skólann en hefur fullan skilning á að taka þarf tillit til veður og loftgæða aðstæðna sem geta verið mjög erfið yfir vetrarmánuðina.

Samstarf foreldra og leikskóla var mikið á árinu meðal annars með sameiginlegri sumarhátíð. Foreldraráð hvetur leikskólann og foreldrafélagið til að efla þetta samstarf enn frekar.

Foreldraráð líkt og í fyrra hvetur til þess að starfsdagar Jörfa og Breiðagerðisskóla séu samræmdir sem mest, sérstaklega vetrarfrí þar sem Breiðagerðisskóli er í löngu fríi og gott væri að leikskólinn myndi fylgja þessum frídögum líka með starfsdögum. Fjölmargar fjölskyldur eru með börn á báðum stöðum og það er erfitt fyrir foreldra að standa undir öllum þeim starfsdögum og fríum ef einungis 3 dagar eru samræmdir. Sólbúar frístundaheimili er opið fyrir nemendur Breiðagerðisskóla á starfsdögum en ekki í vetrarfríi og nýtist því betur fyrir fjölskyldur hverfisins ef starfsdagur væri í vetrarfríi. Finnst foreldraráði að það megi taka meira tillit til foreldra sem eru flest allir í vinnu sjálfir í þessum málum. Í núverandi skóladagatali er einn skipulagsdagur á Jörfa í fyrra vetrarfríinu og erum við ánægðar með það en alltaf má gera betur. Við yrðum mjög glaðar ef það væri einnig í seinna vetrarfríinu.

### III.

#### Lokaorð

Á heildina litið telur foreldraráð áætlunina mjög góða en hún gefur einungis grófa mynd af því góða starfi sem fram fer inn á leikskólanum, stutt greinargerð um starf hversrar deildar myndi bæta skýrsluna mikið. Foreldraráð er ánægt með að stöðugleiki í starfsmannamálum er mun meiri en undanfarin ár.

Foreldraráði finnst skorta upplýsingar á staðgengli leikskólastjóra og deildastjóra þegar þeir eru ekki við í einhvern tíma.

Foreldraráð ítrekar frá fyrri árum að það myndi vilja sjá að TRAS matslistinn væri tekin á öllum deildum. TRAS er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskóla til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Góður málþroski skiptir miklu máli fyrir andlegan þroska barna, félagslega líðan og seinna lestrartileinkun. Með TRAS skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga. Foreldraráði finnst vanta að foreldrar séu upplýstir um niðurstöðu TRAS í foreldraviðtölum. Foreldraráð hefur áhyggjur af hvort nægileg þekking sé hjá starfsmönnum til að leggja fyrir og vinna úr niðurstöðum TRAS. Foreldraráð fagnar því að HLJÓM-2 sé lagt fyrir en myndi einnig vilja að farið væri yfir niðurstöður þar í foreldraviðtölum.

Foreldraráð sér áfram mikla framför í upplýsingaflæði á leikskólanum og vonast til þess að áframhald verði á því.

Elstu börnin voru í flottu starfi síðastliðin vetur má þar helst nefna samstarfið við Tónskóla Sigursveins sem endaði með tónleikunum í Hörpu tengdum Barnamenningarhátíðinni, vettvangsferðum og fleira.

Það er von foreldraráðs að útinám og hreyfing verði eflað enn frekar á öllum deildum með markvissum tímum sérhæfðara kennara.

Foreldraráð vill nota tækifærið og hvetja leikskólann til að skoða vel þann mat sem boðið er upp á fyrir börnin og hafa það til sífelldrar endurskoðunar hvaðan maturinn kemur. Foreldraráð vill hvetja leikskólann til að bjóða upp á sem hreinasta fæðu.

Foreldraráð þakkar mjög gott samstarf við leikskólann og finnst okkur gott andrúmsloft og starfsánægja skína í gegn á leikskólanum. Viðhald og endurskoðun á plássi leikskólans hefur verið til fyrirmyndar.

Reykjavík, 03.07 2024,

Foreldraráð Jörfa,

Hanna Kristín Briem Pétursdóttir, formaður

Jóhanna Þórunn Ásgrímsdóttir

Ásta Björg Björgvinsdóttir